



882. fundur stjórnar GSÍ, 1. desember 2016 kl.18:00 haldinn í fundarsal Gamla bíó.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Hansína Þorkeldsdóttir, Theódór Kristjánsson, Kristín Guðmundsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson, Eggert Á Sverrisson, Helgi Anton Eiríksson, Jón Júlíus Karlsson, Gunnar K. Gunnarsson, Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð

2. Formannafundur 2016.

Haukur Örn Birgisson fór yfir samantekt frá formannafundi sem haldinn var 12. nóvember á Selfossi og ábendingar sem bárust á fundi og eftir fund.

Eggert K. Sverrisson lagði til að framtíðarsýn yrði mótuð af IT nefnd í kringum golf.is vefinn og auknu fjármagni yrði beint í tölvumál í framtíðinni til þess að styrkja þennan mikilvæga þátt í starfsemi GSÍ.

Rædd voru málefni golfklúbba landsins varðandi skráningu félagsmanna og hvernig hægt sé að samræma skráningar þannig að rétt mynd fái af stærð hreyfingarinnar en heilt yfir eru líkur á því að skáning barna og unglinga sé ekki rétt, sérstaklega í samanburði við önnur íþróttafélög og sérsambönd. Í beinu framhaldi af þessari umræðu voru ræddir opinberir styrkir frá ÍSÍ til GSÍ.

Tekin var fyrir beiðni frá Golfklúbbi Akureyrar þar sem óskað væri eftir að félagatal fyrir ársskýrslu GSÍ yrði tekið út í ágúst en ekki 1. júlí þar sem margir kylfingar bætast í félagatalið yfir hásumarið. Stjórn var sammála um að verða við þessari beiðni.

3. Samstarf við PGA.

Haukur Örn Birgisson fór yfir samstarf við PGA á Íslandi á liðnu ári og lagði fram tillögu þess efnis að GSÍ myndi aðstoða golfkennaraskólann við að fjölga nemendum, sérstaklega af landsbyggðinni. Einn liður í þeirri aðstoð gæti falist í því að GSÍ greiði sem nemur einu skólagjaldi á ári fyrir hönd tiltekins nemanda meðan á náminu stendur. Einnig voru ræddar hugmyndir um að koma á fót sjóði sem hefði það hlutverk að styðja nemendur eða golfklúbba í viðleitni sinni að fjölga golfkennurum á sínu landssvæði. Tillagan var samþykkt og var framkvæmdarstjóra falið að taka málið áfram og þróa útfærsluna.

Haukur Örn lagði til að forsvarsmenn beggja félaga myndu setjast niður á næstu vikum og gera samning um framtíðarsamstarf milli þessara félaga og útfærslur á því hvernig stuðningi GSÍ yrði háttáð. Í þessu samhengi var einnig rætt um stuðning GSÍ við önnur aðildarfélög innan hreyfingarinnar og hvernig gæta þurfi jafnræðis þegar kemur að styrkveitingum frá GSÍ.



4. Ráðning afreksstjóra.

Helgi Anton Eiríksson formaður afreksnefndar fór yfir ráðningarferli sem nú stendur yfir á nýjum afreksstjóra GSÍ. 50 umsækjendur sóttust eftir starfinu en nú hefur afreksnefnd minnkað hópinn niður í þrjá einstaklinga sem verða teknir í viðtöl á næstunni. Mikil ánægja var hjá afreksnefnd með áhugann sem starfinu var sýndur.

Stefnt er á að ljúka ráðningarferlinu fyrir áramót en núverandi landsliðsþjálfari, Úlfar Jónsson, hefur boðist til að standa vaktina fram að þeim tímapunkti þegar nýr einstaklingur tekur við störfum. Afreksnefnd mun síðar boða til stjórnarfundar þegar lokatillaga liggur fyrir.

5. Önnur mál

- Haukur Örn sagði frá aðalfundi EGA sem fram fór á Spáni um miðjan nóvember og fór yfir helstu atriði þess sem rædd voru en áður hafði Haukur deilt ársskýrslu EGA á fundarmenn.
- Kristín Guðmundsdóttir gjaldkeri hvatti fundarmenn að aðstoða við að leita að styrktaraðila að Íslandsmótum golfklúbba en sú vinna er nú í fullum gangi.

Ekki var fleira tekið fyrir á fundinum og honum fundi slitið kl.18:25